

Fréttabréf

janúar 2020

Gleðilegt nýtt ár kæru foreldrar með þökk fyrir samstarfið á síðastliðnu ári.

Nokkrar breytingar eru í starfsmannahópnum nú um áramótin. Á Lynginu er Tara Lind komin í stöðu deildarstjóra. Á Þinghóli er Kolbrún Lilja (áður starfsmaður á Lynginu) að taka við stöðu deildarstjóra þar sem Fjóla mun hætta hjá okkur um næstu mánaðarmót.

Viðtöl vegna sérkennslu standa yfir og skýrist á næstu dögum hvernig þau mál fara.

Í desember hóf Ahlam störf hjá okkur sem aðstoðarmatráður í hlutastarfi, nú mun hún einnig vinna með elstu börnunum í Stóra Læk að morgni og í lok dags, Ahlam er með kennaramenntun.

Kristjana, Fannar og Gaukur hættu störfum nú um áramótin. Við þökkum þeim samstarfið.

Á Víghól bættist ein stúlka fædd 2015 í hópinn okkar og bjóðum við hana velkomna.

Við fögnuðum þrettándanum með því að hafa vasaljósadag þann 6. janúar. Í tilefni dagsins lékum við okkur með vasaljósin inni og úti. Í Stóra Læk fórum við út með ljósin þar sem búið var að skreyta garðinn og leggja segl yfir kastalann.

Föstudaginn 10. janúar var Hvítur dagur og gaman var að sjá hversu margir mættu í einhverju hvítu.

24. janúar er Bóndadagur og í tilefni dagsins ætlum við að bjóða herrum til okkar í lok dags. Við ætlum að prófa þetta fyrirkomulag þar sem börnin í litla Læk eiga erfitt með að kveðja í morgunsárið. Boðið verður upp á kleinur og kaffi. Heitt verður á könnunni frá kl. 15.00 til lokunar og hvetjum við karla í lífi barnanna að gefa sér smá tíma með börnunum.

Í hádeginu verður Þorrablot með tilheyrandi Þorramat.

Sumarlokun 2020 verður frá hádegi 8. júlí til hádegis 6. ágúst. Niðurstöður úr könnun sýndu að 83,8% foreldra kusu seinna tímabilið á móti 16,2% sem kusu fyrra tímabilið.

Tvö börn í Litla Læk eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum. Við þurfum því að gæta þess að engar matvörur komi í hús sem geta innihaldið hnetur. Það á einnig við um sætindi sem verið er að færa kennurum.

Mikilvægt er að tilkynna ef einhver annar en skráður aðili sækir börnin í leikskólann. Tilkynningar er hægt að senda í gegnum Völu appið.

Vegna Kópavogsblótsins fellur Fifan niður hjá elstu börnunum 23. og 30. janúar.

Guðrún Bjarnadóttir leikskólaráðgjafi hélt fræðslufund með stjórnendum og kennurum í Litla Læk. Þar ræddum við mikilvægi umönnunar og kennslu á þessu aldurs skeiði. Guðrún mun einnig aðstoða okkur varðandi aðbúnað og höfum við nú þegar tekið ákvörðun að lækka borð og stóla í Litla Læk.